

um að flytja eitt eða fleiri erindi við háskólann og til útgáfu erinda þeirra á prenti. **113**
 Skulu erindin gefin út jafnóðum á islenzku og, ef ástæða þykir til, einnig á ein- **8. okt.**
 hverju erlendu máli, og skal það ritsafn bera nafn Haralds Níelssonar. Að jafnaði
 skal reynt að bjóða einum fyrirlesara á hverju ári, en þó er háskólaráði heimilt að
 láta fyrirlestrahald falla niður eitt eða fleiri ár í senn, ef efnahagur sjóðsins eða
 aðrar ástæður mæla með því, og má þá leggja saman tekjur fleiri ára til þess að
 kosta einn fyrirlesara.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók
 háskólans.

AUGLÝSING

114

20. okt.

**um breyting á reglugerð nr. 32 27. apríl 1938, um stuðning til bænda,
 er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.**

Aftan við 5. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar komi nýr málslíður svo hljóðandi:
 Þó skal þeim bændum, sem ekki hafa getað unnið fyrir úthlutuðum jarðabóta-
 styrk á árinu 1938, heimilt að vinna fyrir honum á árinu 1939 til viðbótar þeim styrk,
 sem þeim kann að verða úthlutað á því ári.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 25 13. janúar 1938, til
 þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
 að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. október 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

115

25. okt.

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

a-liður 74. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
 Leið loftlínu skal valin þannig, að þveranir vega, síma eða annara loftlína verði
 sem fæstar og, að þverunarnhorn séu sem stærst.

2. gr.

85. gr. reglugerðarinnar breytist sem hér segir:
 a-liður orðist þannig:
 Taugar þeirra lína, sem þverast, mega ekki vera festar á sömu stöng.
 c-liður orðist þannig:
 Forðast skal bugður á lágspennuloftlínu við þverun, ef unnt er, enda skal, ef
 bugða er, vera tryggt, að vírar lágspennuloftlínu geti eigi lagst á símavíra við það að
 kúla fer af krók eða benzli vírs losna e. þvl.

e-liður orðist þannig:

Þar sem línurnar þverast skulu gerðar á lágspennulínunni eftirfarandi varúð-
 arráðstafanir, eftir því hvor við á eða henta þykir, til hlífðar símalínunum:

- 115 1. Lágspennulína sé lögð falltraustri lagningu (sbr. 94. gr.) á þverunarhafi og má
25. okt. lóðrétt fjarlægð milli símavíra og lágspennutaugar þá hvergi vera minni en 1,5 m.
2. Lágspennulinan sé úr viðurkenndum útieinangruðum margþættum vír 10 mm² gildum að minnsta kosti. Þverunarhafið sé ekki yfir 25 m. og lóðrétt fjarlægð milli símataugar og lágspennutaugar má hvergi vera minni en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennutaugarinnar eða næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og hún þarf eigi að vera meiri en 2 m.

f-liður falli burt.

g-liður verði f-liður og orðist þannig:

Skemmsta lárétt fjarlægð frá stöng lágspennulínunnar, stagi og þess konar, til símavírs, skal vera að minnsta kosti 1/12 hluti bilsins á milli stangarinnar og næstu stangar símalínunnar. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og hún þarf eigi að vera meiri en 1,5 m.

3. gr.

Aftan við b-lið 89. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liður, sem verður c-liður:

c. Þar sem heimtaugar að húsum liggja nálægt hvor annari og sérstaklega er örðugt að fullnægja ákvæðum b-liðar, má enn minnka bilið niður úr ofangreindu, ef auk þess er gætt eftirfarandi ákvæða:

1. Heimtaugar séu úr viðurkenndum útieinangruðum margþættum vír að minnsta kosti 10 mm² gildum.
2. Haf sé ekki yfir 25 m.
3. Bilið milli símavírs og lágspennutaugar sé hvergi minna en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá mælistað bilsins til næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Það má þó ekki vera minna en 0,8 m. og það þarf eigi að vera meira en 2 m.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

- 116 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Lögreglusjóð Reykjavíkur“ útgefin
26. okt. á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. október 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lögreglusjóð Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lögreglusjóður Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af andvirði fundinna fjármuna, sem eigandi hefir ekki gefið sig fram að, samkvæmt opnu kansellibréfi 8. júní 1811. Upphæð sjóðsins er nú kr.